

4% mánaðarvöxtum frá 21. 4. 1982 til 31. 10. 1982 og 5% mánaðarvöxtum frá 1. nóvember 1982 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 4. október 1984.

Nr. 171/1982.

Örn Arason og

Almennar Tryggingar h/f

(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

Guðmundi H. Gunnlaugssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

og

Örn Arason

gegn

Guðmundi H. Gunnlaugssyni

Ábyrgð h/f

(Logi Guðbrandsson, hrl.)

Bifreiðar. Skaðabótamál. Áfrýjun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. september 1982. Þeir krefjast þess sameiginlega, að fjárhæð sú, er stefnda Guðmundi H. Gunnlaugssyni var dæmd úr hendi þeirra með hinum áfrýjaða dómi, verði lækkuð um $\frac{2}{3}$ hluta, eða í 16.864.88 krónur. Enn fremur krefst áfrýjandi Örn Arason þess einn, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum óskipt $\frac{2}{3}$ hluta tjóns hans, eða 1.163.739.00 krónur með 27% ársvöxtum frá 15. september 1979 til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 25. febrúar 1980, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá

þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til uppkvaðningar dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma (dómvöxtum) til greiðsludags. Enn fremur krefjast áfrýjendur þess, „að vextir verði höfuðstólsfærðir 9. nóvember 1982 (ári eftir stefnubirtingardag) og vaxtavextir þannig reiknaðir.“ Loks krefjast þeir málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Guðmundur H. Gunnlaugsson krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur að því er tekur til krafna hans í aðalsök í héraði, þó þannig, að honum verði dæmdir 27% ársvextir af dæmdri fjárhæð frá 14. september 1979 til 15. nóvember 1979, en síðan sömu vextir og héraðsdómari dæmdi, þó með þeirri breytingu, að kveðið verði á um, að dæmdum vöxtum skuli bætt við höfuðstól einu sinni á ári, í fyrsta sinn 14. september 1980. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti vegna þessa þáttar málsins.

Stefndu Guðmundur H. Gunnlaugsson og Ábyrgð h/f krefjast þess sameiginlega, að héraðsdómur verði staðfestur að því er tekur til krafna áfrýjandans Arnar Arasonar á hendur þeim svo og að þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi þessa áfrýjanda. Til vara krefst stefndi Ábyrgð h/f þess, að hann verði eigi dæmdur til greiðslu hærri fjárhæðar en 240.000.00 króna „auk vaxta og málskostnaðar.“

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þeirra á meðal nýjar áætlanir Þóris Bergssonar tryggingastærðfræðings, dags. 21. og 22. f.m., um tjón áfrýjandans Arnar.

Stefndi Guðmundur H. Gunnlaugsson hefur ekki gagnáfrýjað málinu, og áfrýjendur áskildu sér ekki í áfrýjunarstefnu að mega bera fram kröfur eða málsástæður fyrir Hæstarétti umfram það, sem þeir báru fram í héraði. Þegar af þessum ástæðum er ekki fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 til, að þessir aðiljar fái komið að fyrir Hæstarétti hinum breyttu kröfum sínum um upphafstíma vaxta og vaxtareikninga.

Fyrir Hæstarétti andmæla áfrýjendur ekki tölulega fjárhæð fé-

bóta, er héraðsdómari dæmdi stefnda Guðmundi H. Gunnlaugs-syni, eða vaxtakröfu hans.

Stefnda Guðmundi hefði verið skylt að gefa merki um breytta akstursstefnu, er hann hugðist beygja inn á hinn svonefnda Kísilveg, eins þó að bjart hefði verið af degi, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga nr. 40/1968. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjendur, Örn Arason og Almennar Tryggingar h/f, greiði stefnda Guðmundi H. Gunnlaugssyni 15.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, en að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir Hæstarétti niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Örn Arason og almennar Tryggingar h/f, greiði stefnda Guðmundi H. Gunnlaugssyni 15.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, en að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir Hæstarétti niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meiri hlutans að öðru leyti en því, er tekur til upphafstíma vaxta og útreiknings þeirra.

Slys þetta varð 14. september 1979. Það er réttarvenja í málum sem þessum að dæma vexti frá slysdegi. Í héraðsstefnu krafðist stefndi Guðmundur H. Gunnlaugsson hins vegar aðeins vaxta frá 15. nóvember 1979. Lögmaður stefnda Guðmundar lýsti yfir því í málflutningi fyrir Hæstarétti, að þetta stafaði af vélritunarvillu, og benti á, að í innheimtubréfi 25. júní 1980 hefði verið krafist vaxta frá slysdegi. Lögmaður áfrýjenda féllst á, að hin breytta vaxtakrafa fengi að komast að fyrir Hæstarétti, enda gerir hann samsvarandi kröfu sjálfur.

Samkvæmt 113. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 er heimilt að hækka kröfu frá því, sem getur í stefnu, ef gagnaðili samþykkir. Er þetta í samræmi við meginregluna um ráð-

stöfunarrétt aðilja á sakarefni. Í 58. gr. laga um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973 segir m.a., að í Hæstarétti skuli beita meginreglum laga um meðferð einkamála í héraði. Þar sem reglan um ráðstöfunarrétt aðilja á sakarefni er meginregla, tel ég, að dæma hefði átt stefnda Guðmundi vexti frá slysdegi, enda stendur 45. gr. laga um Hæstarétt því eigi í vegi, úr því að áfrýjendur samþykktu, að krafan kæmist að.

Að því er varðar útreikning á vöxtum þá krafðist stefndi Guðmundur þess, að honum yrðu dæmdir vaxtavextir, þannig að vextir yrðu lagðir við höfuðstól einu sinni á ári, í fyrsta sinn 14. september 1980. Í héraðsdómsstefnu gerði þessi stefndi kröfu um dómvexti frá stefnubirtingardegi til greiðsludags. Ég tel, að í kröfu um dómvexti skv. lögum nr. 56/1979 felist krafa um vaxtavexti, ella verða vextir ekki „jafnháir hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, þannig að sem fyllst tillit sé tekið til varðveislu á verðgildi fjármagns,“ svo sem fyrir er mælt í 1. gr. nefndra laga.

Hér er því ekki um nýja kröfu að ræða fyrir Hæstarétti, heldur nánari útlistun á kröfu, sem þegar hefur verið gerð í héraðsdómsstefnu. Því tel ég, að taka hefði átt kröfu um vaxtavexti til greina, þannig að vextir verði lagðir við höfuðstól einu sinni á ári, í fyrsta sinn 29. júní 1982, þegar liðið er eitt ár frá stefnubirtingardegi, og síðan árlega á sama degi til greiðsludags.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júlí 1982.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 24. f.m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 29. júní 1981, af Guðmundi H. Gunnlaugssyni, Héðinsbraut 15, Húsavík, nafnnúmer 3069-0346, gegn Erni Arasyni, Hamarsstíg 3, Akureyri, nafnnúmer 9907-2989, og Almennum Tryggingum h/f, Reykjavík, nafnnúmer 0267-3363, til greiðslu skaðabóta óskipt að fjárhæð kr. 60.594.00 með 27% ársvöxtum frá 15. 11. 1979 til 1. 12. 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 6. 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 6. 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags og með hæstu dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar.

Í ofangreindri aðalsök málsins hafa varnaraðiljar Örn Arason og Almennar Tryggingar h/f gert þær dómkröfur, að kröfur aðalstefnda verði lækkaðar verulega., en málskostnaðar er ekki krafist í aðalsökinni.

Með stefnu, birtri 24. nóvember 1981, höfðaði Örn Arason gagnsakarmál á hendur Guðmundi H. Gunnlaugssyni. Jafnframt stefndi hann Ábyrgð h/f inn í málið. Í þessum hluta málsins krefst gagnstefnandi, Örn Arason, þess, að Guðmundur H. Gunnlaugsson og Ábyrgð h/f greiði honum in solidum kr. 1.163.739 með 27% ársvöxtum frá 15. 11. 1979 til 1. 12. 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 6. 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. 6. 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með hæstu dómvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar.

Í þessum þætti málsins krefjast varnaraðiljar, Guðmundur H. Gunnlaugsson og Ábyrgð h/f, sýknu af öllum kröfum gagnstefnandans, Arnar Arasonar, og málskostnaðar úr hans hendi.

Sáttaumleitanir af hálfu dómarans hafa ekki borið árangur.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta.

I.

Föstudaginn 14. september 1979 skömmu fyrir kl. 23.54 ók aðalstefnandi, Guðmundur H. Gunnlaugsson, vörubifreið sinni, Þ-14, eftir þjóðvegi nr. 85, Aðaldalsvegi í Suður-Þingeyjarsýslu, en bifreið þessi var skyldu-vátryggð hjá Ábyrgð h/f. Aðalstefnandi var að koma úr Fjallarétt, en þar tók hann 84 kindur, sem hann flutti á vörupalli bifreiðarinnar, en segl var breitt yfir meginhluta vörupallsins. Hugðist hann aka að Skógarrétt í Reykjahverfi. Gæslumaður, Tryggvi Óskarsson, var á vörupallinum til að annast féð. Er aðalstefnandi hafði ekið um 55-60 km og var á nefndum þjóðvegi á móts við afleggjarann heim að bænum Laxamýri og nálgadist vegamótin að þjóðvegi nr. 87, sem gengur undir nafninu Kísilvegur, kveðst hann hafa gefið stefnuljós til vinstri, þar sem hann hafi ætlað að aka inn á Kísilveginn. Í sama bili kveðst hann hafa séð bifreið koma eftir þjóðvegi nr. 85 upp á blindhæð framundan. Virtist honum bifreið þessi aka mjög greitt, og taldi hann sig því tæplega hafa tíma til að ná gatnamótunum, áður en bifreið þessi kæmi. Hafi hann því tekið stefnuljósin af og haldið vörubifreiðinni á hægri vegarhelmingi. Jafnframt hafi hann dregið úr ferð bifreiðarinnar og ætlað að láta bifreiðina, sem á móti kom, aka fram hjá, áður en hann beygði til vinstri inn á Kísilveginn. Rétt áður en bifreiðarnar mættust, hafi bifreiðin, sem á móti kom, sveigt til vinstri í áttina til vörubifreiðarinnar og lent á vinstra horni vörubifreiðarinnar með þeim afleiðingum, að framhjól vörubifreiðarinnar slitnuðu undan og vörubifreiðin lenti út af veginum og fór þar niður háan kant og valt á hægri hlið. Eftir áreksturinn var vörubifreiðin svo mikið skemmd, að talið var, að ekki svaraði kostnaði að gera við hana. Aðalstefnandi slasaðist nokkuð og var frá vinnu um skeið eftir slysið.

Bifreiðin, sem á móti kom, reyndist vera fólksbifreiðin A-6563 af gerðinni Toyota, skylduvátryggð hjá Almennum Tryggingum h/f. Gagnstefnandi, Örn Arason, eigandi bifreiðarinnar, ók henni í nefnt sinn. Í framsæti hægra megin sat eiginkona hans, Ásdís Jóhannsdóttir, en í aftursæti var farþeginn Valgarður Jónasson. Gagnstefnandi stórslasaðist og er talinn 100% öryrki. Auk þess eyðilagðist bifreið hans algjörlega. Eiginkona hans slasaðist einnig.

II.

Aðalsök.

A. Því er haldið fram af hálfu aðalstefnanda, að gögn málsins, sérstaklega ljósmyndir, uppdráttur lögreglu, skýrsla aðalstefnanda og útlit bifreiðanna eftir árekstur, gefi ótvírætt til kynna, að aðalstefnandi hafi að öllu leyti hagað akstri sínum svo sem umferðarlög mæli fyrir um. Aðalstefnandi, sem hafi haft hið meira ökumannspróf, hafi verið þaulvanur bifreiðarstjóri, bæði sem atvinnubifreiðarstjóri og einnig hafi hann um langt skeið sem lögreglumaður ekið lögreglubíl á Húsavík. Aðalstefnandi hafi, áður en hann kom að gatnamótunum, gefið ljósmerki um það, að hann hygðist beygja til vinstri, en síðan ekið bifreiðinni nálægt hægri brún vegarins til þess að hleypa bifreiðinni, sem á móti kom, framhjá, en þá jafnframt tekið stefnuljósinn af. Telja verði hins vegar, að gagnstefnandi eigi alla sök á árekstri bifreiðanna, með því að aka bifreið sinni þvert í veg fyrir bifreið aðalstefnanda. Þar með hafi hann gróflega brotið 1. og 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Skemmdir bifreiðanna gefi auk þess til kynna, að gagnstefnandi hafi ekið bifreið sinni með gifurlegum hraða og langt umfram löglegan hámarkshraða. Hafi gagnstefnandi þar með brotið gróflega gegn 1. mgr. 49. gr. umferðarlaganna svo og gegn hinum ströngu varúðarreglum b-liðar, c-liðar, d-liðar og e-liðar 3. málsgreinar laganna (sic). Sakarskipting komi því ekki til greina og beri að dæma gagnstefnanda og Almennar Tryggingar h/f til að greiða aðalstefnanda tjón hans að fullu, en kröfur sínar í málinu sundurliðar aðalstefnandi þannig:

1. Verðmæti vörubifreiðarinnar Þ-14	kr. 40.000.00
2. Afnotamissir bifreiðarinnar í tvo mánuði	— 10.000.00
3. Atvinnutap í sex vikur	— 5.000.00
4. Miskabætur	— 5.000.00
5. Flutningskostnaður bifreiðarinnar af árekstursstað .	— 594.64

Samtals kr. 60.594.64

B. Af hálfu gagnstefnanda er því haldið fram, að af lögregluskýrslu, uppdrætti lögreglu og skýrslu aðalstefnanda megi ráða, að aðalstefnandi

hafi sýnt af sér gáleysi með því að gefa stefnuljósmerki til vinstri, en fylgja því svo ekki eftir. Ef aðalstefnandi hefði sjálfur farið eftir þeirri merkja-gjöf, sem hann var búinn að gefa, og ekið inn á Kísilveginn til vinstri, hefði enginn árekstur orðið. Gagnstefnandi hafi ekki nauðhemplað strax, þegar hann kom upp á blindhæðina. Það sýni, að gagnstefnandi hafi talið sig hafa opna leið framundan. Of seint hafi svo verið að koma í veg fyrir árekstur, þegar aðalstefnandi hafi skyndilega beygt aftur yfir á sinn hægri vegarhelming. Samkvæmt teikningu lögreglu séu hemlaför eftir bílana á móta löng, á að giska 9.6 m eftir A-6563 og nokkurn veginn sama vega-lengd eftir Þ-14. Aðalstefnandi virðist ekki hafa nauðhemplað bifreið sinni og verði það að teljast furðulegt. Ökuhraði vörubifreiðarinnar hafi örugg-lega verið mun meiri en upp hafi verið gefið. Sjáist það glögg á því, að fólksbifreiðin hafi kastast 11.4 m aftur á bak við áreksturinn, en framhjól vörubifreiðarinnar hafi rifnað undan við áreksturinn og vörubifreiðin þeyst áfram eftir veginum og út af honum og staðnæmst þar á hvolfi í um 20 metra fjarlægð frá árekstursstað. Meginhluti sakar hvíli því á aðalstefn-anda. Hins vegar megi leggja nokkurn hluta sakarinnar á gagnstefnanda fyrir of hraðan akstur miðað við aðstæður. Sanngjarnt sé að skipta sök þannig, að $\frac{2}{3}$ hlutar sakarinnar verði lagðir á aðalstefnanda, en gagnstefn-andi bæti honum sannanlegt tjón að $\frac{1}{3}$ hluta, sbr. 68. gr. umferðarlaga.

C. Aðalstefnandi hefur gefið skýrslu hjá lögreglu og hér fyrir dómi.

Gagnstefnandi hefur enga skýrslu getað gefið um áreksturinn vegna þeirra miklu örkumla, sem hann hlaut við slysið.

Ásdís Jóhannsdóttir, eiginkona gagnstefnanda, hefur hér fyrir dómi skýrt svo frá, að hún muni ekki sérstaklega eftir ökuhraða fólksbifreiðarinnar frá Laxá að árekstursstað. Hún muni ekkert eftir bifreiðinni, sem á móti kom, og heldur ekki, hvað gerðist á árekstursstaðnum. Hún kvaðst fyrst muna eftir sér, þegar hún var komin í flugvél, sem flaug með hana til Reykjavíkur. Hún taldi sig hafa misst meðvitund við áreksturinn. Hún taldi, að gagnstefnandi hafi verið nokkuð kunnugur ökuleiðinni frá Laxá til Húsavíkur.

Tryggvi Óskarsson fjárgæslumaðurinn skýrði lögreglunni svo frá, að hann hafi ekkert vitað, hvað gerðist, þar sem hann hafi verið undir segli á palli vörubifreiðarinnar og því ekki séð neitt fram fyrir bifreiðina. Honum hafi þótt ferðin ganga hægt og seint og ekið rólega.

Valgaður Jónasson, farþegi í aftursæti fólksbifreiðarinnar, hefur í lög-regluskýrslu greint svo frá, að hann hafi ekki tekið eftir neinu óeðlilegu við aksturinn eða að sérlega hratt væri ekið. Hann hafi ekki séð vörubifreiðina fyrr en eftir slysið. Hann viti ekki, hvað hafi gerst annað en gagnstefnandi hafi hemlað og síðan hafi bifreiðin orðið fyrir miklu höggi. Samkvæmt skýrslu Ásdísar Jóhannsdóttur hafði Valgarður áfengi um hönd í

bifreiðinni og var undir áfengisáhrifum á leiðinni frá Akureyri.

D. Dómarinn hefur farið á vettvang og kynnt sér aðstæður.

Svo sem lýst er hér að framan, er aðalstefnandi einn til frásagnar um aðdragandann að slysinu. Myrkur var á. Bar aðalstefnanda því að gefa til kynna með ljósmerkjum, að hann hefði í hyggju að beygja til vinstri inn á Kísilveginn. Það kveðst hann hafa gert, en þar sem hann taldi tvísýnt, að hann hefði tíma til að beygja þvert yfir aksturslínu gagnstefnanda, hafi hann talið öruggara að aka bifreiðinni út á hægri vegarbrún og láta bifreiðina, sem á móti kom, fara fram hjá, áður en hann beygði inn á Kísilveginn. Hafi hann því slökkt á stefnuljósunum. Þessari skýrslu aðalstefnanda hefur ekki verið hnekkt, og verður hún því lögð til grundvallar í málinu. Aðalstefnanda bar að víkja fyrir gagnstefnanda, ef hann taldi sig ekki hafa ráðrúm til að aka inn á Kísilveginn í tæka tíð. Eigi verður sök felld á aðalstefnanda, þótt hann hafi slökkt á stefnuljósunum, þegar hann taldi tvísýnt, að hann hefði tíma til að komast klakklaust inn á Kísilveginn. Augljóst er hins vegar, að gagnstefnandi ók af einhverjum ástæðum þvert í veg fyrir bifreið aðalstefnanda út á hægri vegarhelling miðað við stefnu vörubifreiðarinnar. Þá er ljóst, að gagnstefnandi hefur ekið allt of hratt miðað við aðstæður. Ber samkvæmt framansögðu að leggja alla sök á árekstrinum á gagnstefnanda. Ber gagnstefnanda og váttryggjanda fólksbifreiðarinnar, Almenn Tryggingum h/f, því að bæta aðalstefnanda tjón hans af árekstrinum.

E. Verður nú tekin afstaða til einstakra kröfuliða í kröfugerð aðalstefnanda í aðalsökinni.

Um 1. Í þinghaldi 19. maí 1982 lýstu lögmenn aðilja yfir, „að samkomulag sé nú um að leggja til grundvallar í málinu, að verðmæti bifreiðarinnar Þ-14 nemi kr. 40.000.00, og fari svo að Almennar Tryggingar h/f teljist bera ábyrgð á tjóni aðalstefnanda þá renni flakið af þessari bifreið til tryggingarfélagsins.“ Samkvæmt því, sem hér hefur verið um samið, verður þessi kröfuliður tekinn til greina með kr. 40.000.00, en vörubílsflakið renni til varnaraðilja.

Um kröfuliði nr. 2, 3 og 4. Aðalstefnandi var lögregluþjónn að atvinnu, þegar slysið varð. Hann átti vörubifreiðina Þ-14, og allt frá árinu 1970 kveðst hann hafa á hverju hausti í sex til átta vikur ekið sauðfé í héraðinu. Hann hafi verið nýbyrjaður að aka sauðfénu, þegar árekstur varð. Geri hann því kröfu til þess, að stefndu bæti honum afnotamissi af bifreiðinni í tvo mánuði, eða samtals með kr. 10.000. Þá hafi hann orðið fyrir atvinnutapi, þar sem hann hafi slasast við slysið og verið óvinnufær í sex vikur. Telur aðalstefnandi, að atvinnutapið sé hæfilega metið kr. 5.000. Þá krefst hann miskabóta að fjárhæð kr. 5.000.

Varnaraðiljar hafa mótmælt ofangreindum kröfuliðum sem allt of háum.

Í vottorði Guðmundar Óskarssonar læknis, dagsettu 25. 6. 1980, segir m.á. svo um áverka aðalstefnanda:

„Ofangreindur maður leitaði á Heilsugæslustöðina á Húsavík þann 17. september. ...

Við skoðun þennan sama dag kom eftirfarandi fram:

Mar í vinstri síðu aftanvert í hæð við geirvörtu. Direct og indirect eymsli þar yfir rífi og þannig klínisk einkenni um rifbrot.

Á framanverðu hægra læri var handarstórt mar.

Á vinstri olnboga aftanverðum var hrúfl og mar og á vinstri upphandlegg utanverðum marblettur og eymsli.

Yfir spjaldhrygg vinstra megin var hrúfl.

Á vinstra læri ofanverðu og aftanverðu var hrúfl og tæplega lófastórt mar.

Framan á vinstra hné var hrúfl ca. 2×2 cm.

Ofanvert og aftanvert á báðum kálfum voru marblettir ca. 2×4 .

Vegna þessara áverka var maðurinn óvinnufær frá því slysið varð og fram til 24. október 1979.“

Því er ekki andmælt af hálfu aðalstefndu, að aðalstefnandi hafi haft sérstaka atvinnu af því að aka sauðfé á haustin og að hann hafi hagnýtt sér vörubifreið sína í því efni. Augljóst má vera, að það hefði tekið aðalstefnanda nokkurn tíma að útvega sér aðra vörubifreið í stað P-14, sem taldist ekki viðgerðarhæf. Þegar þetta er virt svo og það, hve lengi aðalstefnandi var óvinnufær eftir slysið, þykir rétt að ákveða honum bætur í einu lagi að þessu leyti. Verða þessir kröfuliðir teknir til greina með kr. 10.000.

Um 5. Varnaraðiljar andmæla ekki kostnaði aðalstefnanda við að flytja vörubifreiðina af áreksturstaðnum. Verður fjárhæð þessa kröfuliðs, kr. 594.64, því tekin til greina.

Úrslit málsins í aðalsök verða þá þau, að varnaraðiljar í aðalsökinni verða dæmdir til að greiða aðalstefnanda kr. 50.594.64 með vöxtum, sem reiknast 27% ársvextir frá 15. nóvember 1979 til 1. desember s.á., 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvextir frá þeim degi til 29. júní 1981, en 39% ársvextir frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, og síðan hæstu innlánsvextir frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma. Þá ber varnaraðiljum í aðalsök að greiða aðalstefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 12.000.

III.

Gagnsök.

Gagnstefnandi hefur í gagnstefnu sundurliðað kröfur sínar í gagnsök á hendur varnaraðiljum, Guðmundi H. Gunnlaugssyni og Ábyrgð h/f, þannig:

1. Tímabundin og varanleg örorka	kr. 1.624.609
2. Miskabætur	— 100.000
3. Verðmæti A-6563	— 20.000
4. Útlagður kostnaður	— 1.000
	kr. 1.745.609

Til frádráttar kemur $\frac{1}{3}$ hluti, sem telst vera ábyrgðar-
hluti gagnstefnanda — 581.870

Heildarkrafa gagnstefnanda er þá — 1.163.739

Af hálfu gagnstefnanda er því haldið fram í gagnsökinni, að aðalstefnandi eigi meginsökina á árekstrinum, svo sem lýst er í kaflanum hér að framan um aðalsökina. Er kröfugerðin í gagnsökinni þannig á því byggð, að aðalstefnandi eigi að bera $\frac{2}{3}$ hluta ábyrgðar á árekstrinum.

Af hálfu varnaraðilja í gagnsökinni er því haldið fram, að gagnstefnandi beri alla sök á árekstrinum og beri því að sýkna þá af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni, og er þess krafist, að gagnstefnandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað í þessum þætti málsins.

Með skírskotan til þess, sem segir í kafla II hér að framan, ber að taka sýknukröfu varnaraðilja í gagnsökinni til greina, en rétt þykir, að málskostnaður í gagnsök falli niður.

D ó m s o r ð:

Í aðalsök greiði varnaraðiljar, Örn Arason og Almennar Tryggingar h/f, óskipt aðalstefnanda, Guðmundi H. Gunnlaugssyni, kr. 50.594.64 með 27% ársvöxtum frá 15. nóvember 1979 til 1. desember s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 29. júní 1981, en 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan hæstu innlánsvexti frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma, og kr. 12.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Í gagnsök eiga varnaraðiljar, Guðmundur H. Gunnlaugsson og Ábyrgð h/f, að vera sýknir af kröfum gagnstefnanda, Arnar Arasonar.

Málskostnaður í gagnsök fellur niður.